

**Borgarstjórn Reykjavíkur**  
**15. mars 2016**

**Tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokks um að Sæbraut og Geirsgata verði lagðar í umferðarstokk.**

Á næstunni er fyrirhuguð meiri uppbygging í miðborg Reykjavíkur en dæmi eru um í sögunni. Gólfkletir nýbygginga munu margfalda þann fermetrafjölda sem fyrir er í Kvosinni. Fyrirsjáanlegt er að umferðarþungi og álag muni aukast verulega á helstu götum sem liggja að miðborginni en það eru Sæbraut og Geirsgata og svo Lækjargata þó í minna mæli sé. Þrátt fyrir að byggingarframkvæmdir séu nú að mestu á frumstigi að frátöldu tónlistarhúsinu Hörpu kljúfa þessar götur nyrðri hluta svæðisins og koma í veg fyrir að það geti orðið ein heild þar sem fólk nær að njóta nýrri og eldri hluta miðborgarinnar óhindrað. Lagt er til að Reykjavíkurborg óski eftir viðræðum við ráðherra samgöngumála, innanríkisráðherra, um að Sæbraut verði lögð stökk austan við Hörpu í átt að Hafnarhvoli en vestan gatnamóta Lækjargötu heitir gatan Geirsgata. Ef vilji er fyrir hendi frá ríki og borg er mikilvægt að hefja viðræður sem fyrst. Ýmislegt bendir til þess að nú sé tækifæri til að hrinda slíku samgöngumannvirki í framkvæmd. Hafa verður samráð við lóðarhafa. Þegar húsin á reitnum hafa risið verður mun erfiðara að setja umræddar götur í stökk og hugsanlega verður það þá of seint. Verði Sæbraut og Geirsgata lagðar í stökk skapast tækifæri til þess að móta torg og fleira þar sem göturnar liggja nú og þannig má auka umhverfisgæði og skapa fjölbreytilegan og eftirsóknarverðan miðborgarbrag. Þá er líklegt að með þessari framkvæmd opnist möguleikar á að endurhugsa yfirborð og hlutverk Lækjargötu. Henni mætti til dæmis breyta í göngugötu að hluta og opna lækinn sem gatan er kennd við.